



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Verkfræðistofa Suðurnesja ehf
Páll Svavar Pálsson
Víkurbraut 13
230 Keflavík

☐ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 13. apríl 2007

Tilvísun: UST20070200206/sf

Breytingar á aðalskipulagi sveitarfélaganna Reykjanesbæjar og Sveitarfélagsins Garðs vegna hafnar- og iðnaðarsvæðis í Helguvík

Vísað er til erindis Verkfræðistofu Suðurlands dags. 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 og aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs 1998-2018 vegna hafnar- og iðnaðarsvæðis í Helguvík. Umhverfisstofnun hefur einnig borist umhverfisskýrsla vegna framangreindra aðalskipulagsbreytinga og tillaga að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025 vegna sama máls.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framangreindar skipulagsstillögur og umhverfisskýrslu.

1. BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

a. Aðalskipulag Reykjanesbæjar

Breytingin á aðalskipulagi Reykjanesbæjar nær til um 240 ha svæðis og legu raflína frá aðveitustöðinni við Fitjar að Helguvík og álveri í sveitarfélaginu Garði. Samkvæmt skipulagstillögunni er varnarsvæði minnkað, þ.e. hluti þess tekinn í borgaraleg not. Iðnaðarsvæði minnkar um 27,9 ha og verður alls um 127,6 ha að stærð, en þess er í stað afmarkað hafnarsvæði við Helguvíkurhöfn, alls um 31,1 ha. Á iðnaðarsvæðinu er gert ráð fyrir álveri og áltengdum iðnaði sem nýtir hafnaraðstöðuna í Helguvík. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu frá Reykjanesbæ inn á olíuveg og þynningarsvæði vegna útblásturs frá fyrirhuguðu álveri er skilgreint. Grjóvarnargarðinum í Helguvík er breytt til austurs, auk þess sem núverandi viðlegukantur er lengdur og nýr viðlegukantur fyrirhugaður sunnan í vikinni. Svæði fyrir kirkjugarð minnkar.

Þynningarsvæði

Á aðalskipulagstillögunni er sýnt þynningarsvæði fyrir áætlaða loftmengun frá álveri í Sveitarfélaginu Garði og kemur fram í greinargerð með skipulagstillögunni að það sé byggt á upplýsingum frá Norðuráli.

Eins og fram kemur í greinargerðinni veitir Umhverfisstofnun starfsleyfi fyrir starfsemi álversins. Umhverfisstofnun tekur afstöðu til þess við mat á umhverfisáhrifum

framkvæmdarinnar hvort hún telur tillögu framkvæmdaraðila að þynningarsvæði ásættanlega, en slíkt mat er m.a. byggt á losunartölum og landfræðilegum aðstæðum. Stofnunin telur því rétt að settur verði fyrirvari um það í skipulagstillögunum að hugsanlega verði þörf á að endurskoða mörk þynningarsvæðisins þegar stærð þess hefur endanlega verið ákveðin.

Hafnarsvæði

Á skipulagsupprætti kemur fram að bygging álvers og tilheyrandi háspennulína séu matsskyldar framkvæmdir skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Hins vegar kemur ekkert fram um það að breytingar á hafnarsvæði falli undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Þá eru allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir skv. 1. eða 2. viðauka sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar, sbr. lið 13. a í 2. viðauka laganna.

Jarðstrengir

Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni frá mars 2007 kemur fram að gert er ráð fyrir jarðstrengjum (245 kV) frá aðveitustöðinni við Fitjar meðfram Reykjanesbraut, svo meðfram olíulögn að iðnaðarsvæðinu í Sveitarfélaginu Garði og Reykjanesbæ. Á skipulagsupprætti frá janúar 2007, sem Umhverfisstofnun fékk sendan til umsagnar, eru ekki sýndir jarðstrengir, sbr. umfjöllun í greinargerð, en þá mun hafa verið gert ráð fyrir að háspennulínur yrðu lagðar í lofti vestur og norður fyrir Keflavíkurflugvöll.

Umhverfisstofnun telur að lagning jarðstrengja sé mun betri valkostur en lagning háspennulína í lofti, sbr. einnig athugasemdir við umhverfisskýrslu hér á eftir.

Mörk friðlýsts svæðis

Á aðalskipulagsupprætti er afmarkað útivistarsvæði við ströndina (U14) og eru mörk svæðisins sýnd sem „mörk friðlýsts svæðis“, sbr. einnig nógildandi aðalskipulag. Umhverfisstofnun vekur athygli á að svæðið hefur ekki verið friðlýst samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd og því telur stofnunin ekki rétt að vísað verði til svæðisins sem friðlýsts svæðis, þrátt fyrir að svæðið hafi bæði verndar- og útivistargildi.

b. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Garðs

Breytingin á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs tekur til 960 ha svæðis og felst í að stór hluti svæðis sem áður féll undir varnarsvæði og aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025 verður að svæði í Sveitarfélaginu Garði.

Samkvæmt skipulagstillögunni er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði, alls 115,6 ha að stærð, þar sem gert er ráð fyrir álveri og byggingum tengdu því. Aðkoma frá Garðvegi (olíuvegi) er aflögð en ný aðkoma frá Reykjanesbæ er fyrirhuguð. Gert er ráð fyrir jarðstrengjum að álverinu og er sýnd tillaga að þynningarsvæði. Einnig eru skilgreind óbyggð svæði.

Vatnsvernd

Í greinargerð með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs kemur fram að á hluta skipulagssvæðisins er skilgreint grannsvæði vatnsverndar, sbr. reglugerð nr. 533/2001, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Í umhverfisskýrslu segir hins vegar að hluti fjarsvæðis vatnsverndar nái inn á skipulagssvæðið. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samræmis þarf að gæta í umfjöllun um

vatnsverndarsvæðið. Þá telur stofnunin nauðsynlegt að fram komi upplýsingar um það hvaða vatnsból um ræðir, hvert mikilvægi þess sé og einnig hvaða áhættuþættir eru samfara uppbyggingu á iðnaðarsvæðinu.

Í umfjöllun um vatn segir í umhverfisskýrslu: „Háspennulínur koma til með að liggja nærri grannsvæði vatnsverndar. Í mati á umhverfisáhrifum háspennulína verða metin möguleg áhrif á vatnafar og greint frá aðgerðum til að draga úr eða koma í veg fyrir mengun af völdum framkvæmda.“ Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir hvar háspennulínur komi til með að liggja nærri grannsvæði vatnsverndar og þar með hvort þær verði innan fjarsvæðis. Jafnframt þurfi að meta hvort sú lega hafi einhverja áhættu í för með sér. Ekki sé nægjanlegt að vísa þeirri umfjöllun alfarið yfir í mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Þynningarsvæði

Sjá athugasemdir við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar.

c. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2005-2025

Breytingin á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005-2025 felst í því að varnarsvæði er breytt í borgaraleg not. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

2. UMHVERFISSKÝRSLA

Háspennulínur

Í kafla 2.1 í umhverfisskýrslu kemur fram að jarðstrengir munu liggja frá aðveitustöðinni við Fitjar að iðnaðarsvæðinu. Hins vegar virðist sem umfjöllun um háspennulínur miði enn að einhverju leyti við að valinn verði sá valkostur að leggja háspennulínur í lofti, sbr. umfjöllun um vatn og landslag og sjónræn áhrif í kafla 3.4.

Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að gert er ráð fyrir lagningu jarðstrengja samkvæmt aðalskipulagstillögunum. Stofnunin telur að lagning háspennulína í lofti vestur og norður fyrir Keflavíkurflugvöll geti ekki talist vænlegur valkostur út frá umhverfissjónarmiðum, ekki síst vegna áhrifa á landslag og eldhraun sem njóta sérstakrar verndar. Háspennulínurnar yrðu væntanlega vel sýnilegar frá útivistarsvæðum við ströndina en þar eru jafnframt svæði sem eru á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts lífríkis, þ.e. eftirtalin svæði:

Ósar, Reykjanesbæ (áður Hafnahr.), Sandgerði (áður Miðneshr.), Gullbringusýslu. (1) Vogurinn með strandlengju, fjörum og grunnsævi austan línu sem dregin er á milli Hafna og Þórshafnar. (2) Mikið og sérstætt botndýralíf, fjölbreyttar fjörur, vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda.

Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi, Gerðahreppi, Sandgerði (áður Miðneshr.), Gullbringusýslu. (1) Fjörur og sjávarfitjar frá Stafnesi að Rafnkelsstaðabergi, m.a. Sandgerðistjörn, Gerðasíki, Miðhúsasíki og Útskálasíki. (2) Fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífaúðugar sjávartjarnir og mikið fuglalíf.

Gróðurhúsalofttegundir

Á bls. 14 í umhverfisskýrslu segir m.a.:

„Gert er ráð fyrir að álver við Helguvík með framleiðslugetu fyrir 250.000 tonn á ári, losi um 365.000 tonn af CO₂ í andrúmsloftið. Þessi losun, ásamt losun frá hugsanlegri stækkun álversins í Straumsvík og nýs álvers í Reyðarfirði er innan þeirra marka sem Kyoto-bókunin setur fyrir Ísland.“

Umhverfisstofnun vekur athygli á að almennt er miðað við losun á 1,5 tonnum af koldíoxíði á

hvert framleitt tonn áls. Sú heildarlosun koldíoxíðs sem miðað er við í umhverfisskýrslu er því frekar lág. Þá telur Umhverfisstofnun að ekki sé hægt að fullyrða að losun koldíoxíðs frá álveri í Helguvík muni rúmast innan þeirra marka sem Kyoto-bókunin setur. Við mat á því þarf að einnig að taka tillit til losunar á PFC efnun og tímasetningu á gangsetningu álversins. Auk þess má benda á að hugsanlega þarf að við mat á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi að taka með losun lofttegunda frá jarðvarmavirkjunum.

Jarðfræði

Í umhverfisskýrslu segir m.a.:

„Hluti línustæðis háspennulína kemur til með að fara yfir eldhraun sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Nánar verður greint frá því í frummatsskýrslu línanna og hvort þörf sé á mótvægisáðgerðum vegna þess.“

Umhverfisstofnun telur ekki ljóst til hvaða mótvægisáðgerða mætti grípa ef háspennulínur verða lagðar yfir eldhraun. Stofnunin telur að tilgreina ætti nánar í hverju þær felast.

Landslag og sjónræn áhrif

Í umhverfisskýrslu er fjallað um landslag og sjónræn áhrif framkvæmda og segir þar m.a. að uppbygging iðnaðarsvæðis og lagning háspennulína í lofti valdi ásýndarbreytingum. Þar segir einnig:

„Fyrirhuguð mannvirki eru hins vegar að stærstum hluta nærri þegar byggðum mannvirkjum á iðnaðarsvæði en fjarri núverandi íbúðarbyggð. Helstu áhrifin verða vegna legu háspennulína, sérstaklega nærri framtíðarbyggð við Motopark.“

Umhverfisstofnun vekur athygli á að þau mannvirki sem um ræðir hafa töluverð og jafnvel mikil sjónræn áhrif í för með sér hvort sem þau liggja nærri íbúðarbyggð eða ekki.

Háspennulínurnar liggja samkvæmt einum þeirra valkosta sem fjallað er um í umhverfisskýrslunni í nágrenni við Ósaboтна sem er svæði sem hefur verndargildi vegna fuglalífs, auk þess sem strandlengjan er á náttúruminjasrá. Hún er tilvalin til útivistar og munu háspennulínurnar væntanlega sjást vel frá svæðum sem eru útivistarsvæði. Ekki er því dregið úr sjónrænum áhrifum með því að leggja línurnar fjarri svæðum sem ætluð eru til íbúðarbyggðar innan sveitarfélaganna.

Umhverfisstofnun telur að of lítið sé gert úr sjónrænum áhrifum framkvæmdanna í umhverfisskýrslunni.

Vatnsvernd

Sjá umfjöllun um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Garðs hér að framan.

Hávaði

Samkvæmt gr. 3.2. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal við skipulagsgerð höfð hliðsjón af loftgæðarannsóknunum og hávaðamælingum framkvæmdum samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar og áliti viðkomandi heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar ríkisins [nú Umhverfisstofnun]. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða skulu skipulagsyfirvöld hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga og útreikninga við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags.

Í kafla 3.4. í umhverfisskýrslu er fjallað um hljóðvist og segir þar m.a.:

„Hávaði frá iðnaðarsvæðinu vegna álvers í Helguvík hefur verið metinn og leiddu niðurstöður í ljós að áhrif reksturs fyrirhugaðs álvers og löndunarkrana við höfnina á hljóðvist í byggð í nágrenninu verða óveruleg. Hávaði í allra næsta nágrenni álversins og við höfnina verður nokkur en vel innan viðmiðunargilda.“


Umhverfisstofnun telur að greina hefði átt nánar frá niðurstöðum útreikninga á hljóðvist. Þá

telur stofnunin að fram hefði mátt koma hvort umferð aukist í kjölfar fyrirhugaðra framkvæmda.


Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við framangreindar skipulagstillögur og umhverfisskýrslu en áskilur sér rétt til frekari athugasemda við mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda.

Beðist er velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindinu.

Virðingarfyllt



Sigurros Friðriksdóttir
fagstjóri



Helgi Jónsson
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.
Sveitarfélagið Garður.
Reykjanesbær.